

Miðvikudaginn 14. september 1994.

Nr. 260/1992.

Jón Jónsson

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Einari Sigurþórssyni

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Verksamningur. Vinnulaun. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1992. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefnda verði gert að greiða sér 280.610,55 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags að frádreginni 60.000 króna innborgun stefnda 24. september 1990 auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breytingu á 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð teikning af hinu fyrirhugaða fjósi að Háamúla, dags. 7. nóvember 1989, árituð upphafsstöfum Guðfinns Guðmannssonar og árituð um samþykki á fundi byggingarnefndar Fljótshlíðarhrepps 20. júní 1990. Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Jónsson, greiði stefnda, Einari Sigurþórssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 8. apríl 1992.

Mál þetta, sem þingfest var 2. október 1991 og tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 6. apríl sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu af Jóni Jónssyni, kt. 210355-5619, Litlagerði 4, Hvolsvelli, gegn Einari Sigurðórssyni, kt. 151240-2089, Háamúla, Fljótshlíðarhreppi, með stefnu, birtri 16. september 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 280.610,55 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 1. 11. '90 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun stefnda 24. 9. '90, 60.000 kr., auk málskostnaðar að skaðlausu skv. taxa LMFÍ. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 175. gr. eml., sbr. l. nr. 54/1988.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Málsatvik eru þau, að stefnandi í máli þessu starfaði við byggingu fjóss á jörð stefnda, Háamúla, Fljótshlíð, sumarið 1990 ásamt fleiri mönnum. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið ráðinn af stefnda til vinnu við fjósbygginguna. Skuldin sé til komin vegna vinnu stefnanda við fjósbyggingu stefnda, þ. m. t. akstur og efniskaup, sem stefnandi lét stefnda í té skv. beiðni hans, að frádreginni innborgun, 60.000 kr., 24. september 1990. Stefnandi hafi framvísað reikningi, dags. 1. nóvember, til stefnda, að fjárhæð 280.610,55 kr., en hann hafi ekki fengist greiddur.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn af stefnda. Stefnandi hafi ráðist í að byggja við gamalt fjárhús í Háamúla sumarið 1990 og breyta því í fjós. Hafi hann fengið Guðfinn Guðmannsson húsasmíðameistara til að annast verkið sem verktaka. Með Guðfinni hafi unnið tveir synir hans ásamt stefnanda. Stefnandi kveðst engin afskipti hafa haft af ráðningu þeirra, heldur hljóti Guðfinnur að hafa ráðið þá.

Stefnandi kveður Guðfinn hafa verið að vinna af sér skuld, og hafi þeim samist um, að stefndi greiddi starfsmönnum hans upp í laun. Hinn 3. september greiddi því stefndi sonum Guðfinns 50.000 kr. hvorum upp í vinnulaunaskuld Guðfinns við þá. Hinn 13. sama mánaðar greiddi stefndi Guðfinni 50.000 kr., sem Guðfinnur kvað myndu ganga upp í laun stefnanda, en stefnandi skuldaði honum vegna úttekta í söluskálanum Björk, Hvolsvelli. Hinn 24. september kveður stefndi sig síðan hafa greitt stefnanda 60.000 kr. upp í vinnulaunaskuld Guðfinns við stefnanda, en nú beint til stefnanda.

Miðvikudaginn 10. október kveður stefndi stefnanda hafa komið með

reikning upp á útselda vinnu og spurt bæði stefnda og Guðfinn, hver ætti að greiða hann. Kveðst stefndi hafa tjáð stefnanda, að það ætti Guðfinnur að gera. Guðfinnur hafi þá mælt til þess við stefnanda, að hann endurdagsetti reikninginn og skrifaði engan tíma í ágúst, þar sem hann hefði ekki skilað inn virðisaukaskattsskýrslu fyrir þann hluta verksins, sem unninn var í ágúst, og vildi, að bókhaldinu bæri saman hjá þeim. Stefndi kveður sig hafa talið það hafa verið komið á hreint, að Guðfinnur viðurkenndi þarna skyldu sína til að greiða stefnanda, enda var hann verktakinn og hafði ráðið stefnanda til starfa, en ekki stefndi.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar um efndaskyldu gagnkvæmra samninga, vanefndir og afleiðingar þeirra. Þá vísar stefnandi í l. nr. 85/1936 og l. nr. 35/1987. Er á því byggt, að stefndi hafi leitað til stefnanda og óskað eftir því, að hann innti umrædd störf af hendi. Stefndi hafi ekki sýnt fram á, að reikningurinn sé of hár eða ósanngjarn.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Það sé alrangt, sem komi fram í greinargerð stefnanda, að stefndi hafi óskað eftir því við stefnanda, að hann innti af hendi umrædd störf fyrir sig. Það hljóti að hafa verið Guðfinnur, sem fékk stefnanda til starfa, enda var hann verktakinn og meistari verksins, en stefnandi hafði ekki iðnréttindi sem húsasmiður. Stefnandi vísar til 2. mgr. 45. gr., 175. gr. og 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

III.

Telja verður sannað með hliðsjón af aðilaskýrslum og skýrslum vitna, er fyrir dóminn komu, að Guðfinnur Guðmannsson húsasmíðameistari hafi haft umsjón með fjósbyggingunni að Háamúla og haft stjórn þess verks á hendi. Stefnandi í máli þessu hafði engin tiltekin verk á eigin hendi, heldur vann við það, sem til féll, eftir því sem verkinu miðaði.

Varhugavert þykir að telja sannað gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi verið ráðinn af stefnda sérstaklega til vinnu við fjósbygginguna í Háamúla, enda þykja komnar fram líkur á því, að stefnandi hafi verið, ásamt öðrum mönnum, í þjónustu Guðfinns Guðmannssonar húsasmíðameistara, er hafði stjórn verksins á hendi. Stefnandi hefur ekki fært neitt haldbært fram, er sýni fram á efniskaup stefnanda í þágu stefnda. Stefnandi hefur því ranglega beint kröfu sinni að stefnda í máli þessu, og verður því að sýkna stefnda í máli þessu á grundvelli aðildarskorts.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Einar Sigurþórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda,
Jóns Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
